

Umhverfis- orku og lofslagsráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík.

Sent með tölvupósti á iris.bjargmundsdottir@urn.is

1. júní 2023

Beiðni umhverfis- og samgöngunefndar um upplýsingar varðandi ósk Hvals hf. um undanþágu frá kröfum um starfsleyfi.

Vísað er í tölvubréf ráðuneytisins dagsett 30. maí 2023 þar sem óskað eftir:

- Afriti af skýrslum og eftirlitsskýrslum frá 2013.
- Upplýsingum um það hvaða frávík komu fram á þessu tímabili og hvernig var bætt úr þeim. Ef ábendingar um frávík leiddu ekki til úrbóta er óskað útskýringa á því hvers vegna ekki var gerð krafa um úrbætur.

Það upplýsist að veiðar fóru ekki fram árin 2016, 2017 2019, 2020 og 2021.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands gaf út sérstakt starfsleyfi fyrir mötuneyti og eldhús á Miðsandi þann 12. júní 2018 með gildistíma til 12. júní 2030 og er litið svo á að ekki sé spurt um göng um þann hluta starfseminnar þar sem það tengist ekki umsókn um undanþágu frá starfsleyfi.

Starfsleyfi fyrir starfsemi Hvals hf. fyrir vinnslu á hvalaafurðum á Litla sandi var gefið út þann 12. júlí 2010 með gildistíma til 12. júlí 2022. Þar sem ekki vannst tími til að vinna nýtt leyfi áður en það gamla rann út, auk þess sem forsendur til þessi voru ekki nægjanlegar þar sem mælingar um magn fráveitu voru ekki til staðar. Leyfið framlengt á fundi Heilbrigðisnefndar Vesturlands þann 20. júní 2022:

Sjá bókun nefndarinnar:

Hvalur hf. sækir um framlengingu á starfsleyfi í samræmi við heimild vegna vinnslu á hvalaafurðum á Litla Sandi í Hvalfjarðarsveit. Lögð fram greinargerð með lýsingu á framleiðsluferlum og umfangi starfseminnar, unnin af Eflu. Gildandi starfsleyfi er framlengt þar til endurnýjað starfsleyfi hefur verið gefið út, en eigi lengur en til 1. maí 2023. Nefndinni hefur borist umsókn um endurnýjun starfsleyfis og er starfsleyfi fyrir starfsemina í vinnslu. Um heimild til framlengingar starfsleyfis er vísað í 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, m.s.br.

Í umsögn heilbrigðisnefndar til ráðuneytisins vegna beiðni Hvals um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi kom fram að Hvalur hf. hefur á sama tíma óskað eftir endurupptöku málsins af Heilbrigðisnefnd Vesturlands til að freista þess að leyfið verði framlengt í fullt ár eða til 12. júlí 2023. Afstaða hefur ekki verið tekin til þess.

Heilbrigðiseftirlitið hefur auglýst nýtt starfsleyfi fyrir Hval hf. vegna mengunarvarna og er það í auglýsingu til 9. júní 2023 á vef eftirlitsins www.hev.is. Í nýju leyfi eru eftirlitsskyldir þættir starfseminnar betur skilgreindir og m.a. gerðar kröfur um hreinsibúnað á fráveitu sem byggjast á mælingum Eflu í fráveitu fyrirtækisins á vertíð 2022, sömuleiðis eru gerðar kröfur um mælingar í viðtaka. Samkvæmt upplýsingum frá Hval hf. hefur þessi búnaður þegar verið settur upp.

Sú staða er að heilbrigðiseftirlitið hefur sent útprentuð göng eldri en 2017 frá sér og er hugmyndin að gera þessi göng aðgengileg á héraðsskjalasafni. Gögnin eru því ekki aðgengileg með svo stuttum fyrirvara. Ekki er útilokað að eldri eftirlitsskýrslur séu í þessum gögnum. Leitað var til Hvals hf. hvort fyrirtækið ætti eldri skýrslur og var farið í gegnum þeirra göng en ekkert fannst annað en það sem hér er listað upp.

Meðfylgjandi eru umbeðin göng:

2023 Exelskjal yfirlit rannsóknaniðurstaðna frá Matís vagna rannsóknar á neysluvatni í vinnslusal Hvals hf. Litla Sandi.

2023, 22. mars Skýrsla Eflu verkfræðistofu vegna mælinga á fráveitu frá hvalavinnslu.

2022 Starfsleyfi fyrir Hval hf. fyrir vinnslu hvalafurða á Litla Sandi. Í auglýsingu til 9. júní '23

2022 20. júní Gögn lögð fyrir fund Heilbrigðiseftirlits Vesturlands vegna framlengingar á leyfi.

2022, 9. júní Eftirlitsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vesturlands

2018, 27. júní Eftirlitsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vesturlands

2018, 20. júní Eftirlitsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vesturlands

2018, 18. júní Eftirlitsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vesturlands

2018, 11. júní Eftirlitsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vesturlands

Frávík sem gerð eru í eftirlitsskýrslu þann 9. júní 2022.

1. Ekki liggur fyrir hvaða álag er af fráveitu frá fyrirtækinu og þarf við endurnýjun starfsleyfis að skila inn skýrslu sem byggð er á mælingum hvert álagið er (fjöldi persónueininga), COD og BOD gildi og annað sem skiptir máli við að áætla hvort hreinsun fráveituvatns er fullnægjandi. Þessi rannsókn þarf að fara fram í sumar meðan vinnsla er í hámarki. Frestur til 30. 9 2022.
- Frávík frá reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.

Uppfyllt með skýrslu Eflu dags 22. mars 2023. Hvalur hefur tilkynnt heilbrigðiseftirlitinu að sett hafi verið niður 5 rúmmetra fastefnaskilja og 10 rúmmetra fituskilja frá Borgarplasti. Það er umhugsunarvert að Hvalur hf. gæti minnkað álag á fráveitu til muna með að taka út svokallaðan soðkjarna sem er eymaður lífrænn massi. Að sögn fyrirtækisins hefur ekki fengist leyfi til að nýta þennan soðkjarna og því hefur hann verið settur í gengum fráveitu. Nýting í minkabú var stöðvuð af MAST á sínum tíma. Einnig væri unnt að setja efnið á land til uppgæðslu ef leyfi fengist til þess.

2. Verndarsvæði vatnsveitu er ekki merkt í skipulag. Brunnsvæðið lónið er óafgirt og getur mengun auðveldlega borist í vatnsveituna. Skoða þarf möguleika á að breyta vatnstöku þannig að yfirborðsvatn sé ekki nýtt beint eins og nú er. Frestur til 9. júní 2023

Fyrsta setningin snýr að Hvalfjarðarsveitar að færa svæðið inn í skipulag við næstu endurskoðun skipulags og sett fram til upplýsinga hér.

Fyrirtækið sendi heilbrigðiseftirlitinu eftirfarandi skilaboð eftir fund sem haldinn var um málið 30. maí sl:

Frávík vegna vatnstöku: Aðstæður við vatnsbólíð hafa verið skoðaðar með fulltrúa

Heilbrigðiseftirlitsins. Aðstæður til að girða af vatnsbólíð eru mjög erfiðar og ekki talið fýsilegt.

Vatnsbólíð er staðsett ofarlega í gróðursnauðri fjallshlíð og litlar líkur að búfénaður eða aðrar skepnur séu þar á ferðinni. Allt vatn sem notað er við vinnslu hvalaafurða er síað og geislað til að tryggja

hreinleika þess. Reglulega eru tekin sýni af vatninu og mældar í því örverur og hefur það ætíð staðist gæðakröfur eftir að þessum búnaði var komið á. Hugsanlega kemur til greina að breyta vatnstökunni og gera hana enn öruggari og er það til skoðunar hjá fyrirtækinu.

Heilbrigðiseftirlitið sér ekki ástæðu til að fylgja þessu eftir frekar að svo komnu máli, vatnið er bæði síað og geislað þannig að áhættan er þess vegna minni að vatn mengist. Upprunni vatnstökunnar er ofarlega í fjalli og því rétt að erfitt getur reynst að girða af svæðið.

3. Koma þarf fyrir steypu áfylliplani þar sem dælt er á olútank, Niðurfall áfylliplans þarf að vera tengt er við olúgildru. Frestur til 9. júní 2023. Frávik frá Reglugerð nr. 884/2017 um olúmengun frá starfsemi í landi.

Fyrirtækið sendi heilbrigðiseftirlitinu eftirfarandi skilaboð eftir fund sem haldinn var um málið 30. maí sl:

Áfyllingarplan við olútank: Settur var upp nýr tvöfaldur olútankur árið 2006 sem er 50 rúmmetrar að stærð. Tankurinn geymir olú fyrir gufuketil stöðvarinnar og fer áfylling fram 4 sinnum á ári yfir vertíðartímabilið þar sem sett er á 30 rúmmetrar af olú í hvert sinn. Við áfyllinguna er ætíð gætt fyllstu varúðar þar sem lekabyttur eru undir samtengingum og ísogsefni til staðar. Auk þess eru einstefnulokar og hraðloki á áfyllingalögninni. Aldrei hefur verið vart við leka við áfyllingu engin merki um olúmengun á svæðinu. Fyrirtækið hefur skoðað þann möguleika koma fyrir steypu áfyllingarplani en ljóst er að það kallar á umfangsmiklar og dýrar framkvæmdir. Vilji er til að kanna aðra möguleika til að tryggja fullnægandi mengunarvarnir og hefur verkfræðifyrirtæki verið fengið til að fara yfir þá möguleika sem helst koma til greina. Sú vinna stendur yfir og ljóst að niðurstöður munu ekki liggja fyrir áður en uppgjafinn frestur rennur út 9. júní 2023. Því óskar fyrirtækið eftir lengri frest til úrbóta eða þar til næsta vertíð hefst um miðjan júní 2024.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur fallist á að veita umbeðinn frest.

Virðingarfyllst,



Þorsteinn Narfason,
framkvæmdastjóri.

Sample Date	Analyte	Final
22.5.2013 13:25	Ammoníak,NH4-N(mg/l)(EVA6)	0,36
22.5.2013 13:25	E coli 100 ml síun (ÖVA2)	0
22.5.2013 13:25	Gerlafjöldi við 22°C í 1 ml (ÖVA5)	43
22.5.2013 13:25	Grugg	0,31
22.5.2013 13:25	Kólígerlar í 100 ml síun (ÖVA3)	0
22.5.2013 13:25	Leiðni (EVA3)	62
22.5.2013 13:25	Sýrustig (pH) (EVA1)	7,20
22.5.2013 13:25	Undirbúningur sýnis-örverum	0
27.5.2014 11:39	Ammoníak,NH4-N(mg/l)(EVA6)	<0,05
27.5.2014 11:39	E coli 100 ml síun (ÖVA2)	0
27.5.2014 11:39	Gerlafjöldi við 22°C í 1 ml (ÖVA5)	0
27.5.2014 11:39	Grugg	0,56
27.5.2014 11:39	Kólígerlar í 100 ml síun (ÖVA3)	0
27.5.2014 11:39	Leiðni (EVA3)	40
27.5.2014 11:39	Sýrustig (pH) (EVA1)	7,25
27.5.2014 11:39	Undirbúningur sýnis-örverum	0
16.6.2015 12:29	Ammoníak,NH4-N(mg/l)(EVA6)	<0,05
16.6.2015 12:29	E coli 100 ml síun (ÖVA2)	0
16.6.2015 12:29	Gerlafjöldi við 22°C í 1 ml (ÖVA5)	200
16.6.2015 12:29	Grugg	0,47
16.6.2015 12:29	Kólígerlar í 100 ml síun (ÖVA3)	0
16.6.2015 12:29	Leiðni (EVA3)	59
16.6.2015 12:29	Sýrustig (pH) (EVA1)	7,25
16.6.2015 12:29	Undirbúningur sýnis-örverum	0
26.6.2015 12:32	Ammoníak,NH4-N(mg/l)(EVA6)	<0,05
26.6.2015 12:32	Gerlafjöldi við 22°C í 1 ml (ÖVA5)	0
26.6.2015 12:32	Grugg	0,69
26.6.2015 12:32	Kólígerlar í 100 ml síun (ÖVA3)	0
26.6.2015 12:32	Leiðni (EVA3)	62
26.6.2015 12:32	Sýrustig (pH) (EVA1)	7,40
26.6.2015 12:32	Undirbúningur sýnis-örverum	0
26.6.2015 12:32	E.coli 100 ml síun (ÖVA3)	0

R15017480004 4042/4/Hvalur vinnsluplan
R15017480004 4042/4/Hvalur vinnsluplan
R15017480004 4042/4/Hvalur vinnsluplan
R15017480004 4042/4/Hvalur vinnsluplan
R15017480004 4042/4/Hvalur vinnsluplan
R15017480004 4042/4/Hvalur vinnsluplan
R15017480004 4042/4/Hvalur vinnsluplan
R15017480004 4042/4/Hvalur vinnsluplan
R18015320005 5261/5/Hvalur kjötsalur
R18015320005 5261/5/Hvalur kjötsalur
R18015320005 5261/5/Hvalur kjötsalur
R18015320005 5261/5/Hvalur kjötsalur
R18015320005 5261/5/Hvalur kjötsalur
R18015320005 5261/5/Hvalur kjötsalur
R18015320005 5261/5/Hvalur kjötsalur
R18015320005 5261/5/Hvalur kjötsalur
R18015940002 5262/V2/Hvalur kjötsalur (úr krana)
R18015940002 5262/V2/Hvalur kjötsalur (úr krana)
R18015940002 5262/V2/Hvalur kjötsalur (úr krana)
R18015940002 5262/V2/Hvalur kjötsalur (úr krana)
R18015940003 5262/V3/Hvalur kjötsalur (úr slöngu)
R18015940003 5262/V3/Hvalur kjötsalur (úr slöngu)
R18015940003 5262/V3/Hvalur kjötsalur (úr slöngu)
R18015940003 5262/V3/Hvalur kjötsalur (úr slöngu)
R22013250001 1/Hvalstöð Matsalur
R22013250001 1/Hvalstöð Matsalur
R22013250001 1/Hvalstöð Matsalur
R22013250001 1/Hvalstöð Matsalur
R22013250001 1/Hvalstöð Matsalur
R22013250002 2/Hvalstöð Kjötsalur
R22013250002 2/Hvalstöð Kjötsalur
R22013250002 2/Hvalstöð Kjötsalur
R22013250002 2/Hvalstöð Kjötsalur

26.6.2015 12:32	Ammoníak,NH ₄ -N(mg/l)(EVA6)	<0,05
26.6.2015 12:32	Gerlafjöldi við 22°C í 1 ml (ÖVA5)	0
26.6.2015 12:32	Grugg	0,46
26.6.2015 12:32	Kólígerlar í 100 ml síun (ÖVA3)	0
26.6.2015 12:32	Leiðni (EVA3)	62
26.6.2015 12:32	Sýrustig (pH) (EVA1)	7,45
26.6.2015 12:32	Undirbúningur sýnis-örverum	0
26.6.2015 12:32	E.coli 100 ml síun (ÖVA3)	0
20.6.2018 10:22	Ammoníak,NH ₄ -N(mg/l)(EVA6)	<0,05
20.6.2018 10:22	Gerlafjöldi við 22°C í 1 ml (ÖVA5)	150
20.6.2018 10:22	Grugg	0,42
20.6.2018 10:22	Kólígerlar í 100 ml síun (ÖVA3)	1
20.6.2018 10:22	Leiðni (EVA3)	64
20.6.2018 10:22	Sýrustig (pH) (EVA1)	7,50
20.6.2018 10:22	Undirbúningur sýnis-örverum	0
20.6.2018 10:22	E.coli 100 ml síun (ÖVA3)	0
27.6.2018 13:01	Gerlafjöldi við 22°C í 1 ml (ÖVA5)	110
27.6.2018 13:01	Kólígerlar í 100 ml síun (ÖVA3)	0
27.6.2018 13:01	Undirbúningur sýnis-örverum	0
27.6.2018 13:01	E.coli 100 ml síun (ÖVA3)	0
27.6.2018 13:01	Gerlafjöldi við 22°C í 1 ml (ÖVA5)	1
27.6.2018 13:01	Kólígerlar í 100 ml síun (ÖVA3)	0
27.6.2018 13:01	Undirbúningur sýnis-örverum	0
27.6.2018 13:01	E.coli 100 ml síun (ÖVA3)	0
9.6.2022 15:50	Gerlafjöldi við 22°C í 1 ml (ÖVA5)	0
9.6.2022 15:50	Grugg	<0,10
9.6.2022 15:50	Kólígerlar í 100 ml síun (ÖVA3)	0
9.6.2022 15:50	Undirbúningur sýnis-örverum	0
9.6.2022 15:50	E.coli 100 ml síun (ÖVA3)	0
9.6.2022 15:50	Gerlafjöldi við 22°C í 1 ml (ÖVA5)	0
9.6.2022 15:50	Grugg	0,21
9.6.2022 15:50	Kólígerlar í 100 ml síun (ÖVA3)	0
9.6.2022 15:50	Undirbúningur sýnis-örverum	0

R22013250002 2/Hvalstöð Kjötsalur

9.6.2022 15:50 E.coli 100 ml síun (ÖVA3)

0

MINNISBLAÐ

SKJALALYKILL

100936-MIN-001-V01

DAGS.

22.03.2023

SENDANDI

Páll Höskuldsson

VERKHEITI

Starfsleyfismál

VERKKAUPI

Hvalur hf.

DREIFING

Kristján Loftsson (Hvalur hf.)

MÁLEFNI

Frárennslismælingar

Inngangur

Hvalur hf. hefur sótt um endurnýjun á starfsleyfi vegna vinnslu á hvalaafurðum á Litla Sandi í Hvalfjarðarsveit. Vegna vinnu við endurnýjun á starfsleyfinu hefur Heilbrigðiseftirlit Vesturlands óskað eftir mælingum á frárennsli frá hvalstöðinni. Mælingin skal fara fram meðan á fullri vinnslu stendur til að afla upplýsinga um hvert álagið er (fjöldi persónueininga), COD og BOD gildi og annað sem skiptir máli við að áætla hvort hreinsun fráveituvatns er fullnægjandi. EFLA verkfræðistofa framkvæmdi mælingar á frárennsli frá hvalstöðinni 15. september 2022 og eru niðurstöður þeirra mælingar teknar saman í þessu minnisblaði.

Framkvæmd

Allt frárennsli frá vinnslu á hvalaafurðum er leitt í fitugildru (25 m³) og þaðan er það losað í gegnum útrás í sjóviðtaka út fyrir stórstraumsfjöru á 5 m dýpi. Sýni voru tekin af frárennslinu úr útrásarenda fitugildru yfir einn sólarhring þann 15. september 2022 og hófst sýnataka kl. 14:20. Tekin voru sýni með sjálfvirkum sýnataka þar sem tekið var 50 mL sýni á 20 mínútna fresti í 4 tíma í hverja flösku eða samtals 6 flöskur. Auk sýnatöku voru gerðar rennslismælingar með utanálggjandi rennslismæli á inntakslögn í fitugildruna. Útbúið var til eitt rennslitengt sólarhringsblandsýni og í því mælt svifagnir, COD, BOD₅, fita, P og N. Auk þess var mælt COD í 4 klst. sýnum. Á meðan á sýnatöku stóð var full vinnsla á hvalskurði auk þess var mjölvinnsla í gangi á tímabilinu.



MYND 1 Sýnataki staðsettur við útrás úr fitugildru



MYND 2 Rennismæling á inntaksröri í fitugildru

Niðurstöður

Rennslí

Rennslíð var mælt með utanálíggjandi mæli sem mældi rennslíð á 5 sekúnda fresti. Frárennslínu er dælt úr dælubrunni með dælu á fullum afköstum sem eru um 19 l/s. Rennslíð kemur í púlsum þar sem dælan slekkur á sér þegar ákveðin lágmarkshæð er náð í dælubrunninum og startar aftur þegar hámarkshæð er náð. Meðalrennslí meðan á sýnatöku stóð var um 7,7 l/s eða 27,7 m³/klst.

Efnagreiningar

Niðurstöður efnagreininga á COD í 4 klst. sýnum má sjá í töflu 1. Niðurstöður efnagreininga á COD, BOD₅, fitu, N og P í sólarhringsblandsýnum má sjá í töflu 2.

TAFLA 1 Mældur styrkur í 4 klst. sýnum fyrir COD

Dagur	Tími	COD [mg/L]
15.9.2022	14:20-18:20	672
	18:20-22:20	4.700
	22:20-02:20	16.030
	02:20-06:20	7.570
	06:20-10:20	1.002
	10:20-14:20	578
Meðaltal dags		5.092

TAFLA 2 Mældur styrkur í sólarhringsblandsýni fyrir svifagnir, fitu, N, P, COD og BOD5

Dagur	Svifagnir [mg/L]	Fita [mg/L]	N [mg/L]	P [mg/L]	COD [mg/L]	BOD5 [mg/L]
15.9.2022	937	481	472	36	5.970	3.320

Í töflu 3 er búið að reikna losunarmagn yfir einn vinnsludag reiknað út frá efnastyrk í dagsblandsýnum og mældu heildar dagsrennsli frá stöðinni. Fjöldi persónueininga (PE) er reiknaður út frá magni BOD5.

TAFLA 3 Dagsgildi fyrir efnamagn vinnsluvatns og útreiknaðar persónueiningar

Dagur	Svifagnir [kg]	Fita [kg]	N [kg]	P [kg]	COD [kg]	BOD5 [kg]	PE
15.9.2022	623	320	314	24	3.969	2.207	36.786

**MYND 3** Ljósmynd af 4 klst. sýnum

Samantekt og umræða

Greinilegt er út frá mælingum og útliti á 4 klst. sýnum að losunin er töluvert breytileg yfir daginn þar sem hæsta gildi COD mældist 16.030 mg/L og lægst 578 mg/L. Þessi mismunur í losun skýrist af breytilegri vinnslu yfir daginn og þá kannski helst við mjölvinnsluna. Mjölvinnslan fer fram skrefum þar sem afskurður og bein eru soðin í langan tíma í lokuðu kerfi og þar á eftir er mjölið pressað og lýsi skilið frá. Vinnslan fer fram í lokuðum kerfum þar sem fast efni og olía er skilin frá vökvanum áður en hann er losaður í niðurfall. Mælingar sýna topp í losunargildum sem bendir til að tilfallandi losun hafi átt sér stað sem gæti t.d. hafa stafað stíflum þar sem hafi þurft að hreinsa út efni úr vinnslurásinni. Gera má ráð fyrir losunin frá hvalskurðinum sé bæði minni og stöðugri en þó einhverjum breytingum háð eftir því hvar í ferlinu er unnið.

Ljóst er að töluvert magn af lífrænum efnum er að fara frá stöðinni en þó hefur ekki verið vart neikvæðra áhrifa á lífríkið í grennd við útrásarenda né í fjöruborði en öll losun í viðtaka fer fram á 5 metra dýpi utan við stórstraumsfjöru.

Heildar streymi í gegnum fitugildruna er 27,7 m³/klst. en gildran sjálf er 25 m³. Þetta er töluvert mikið rennsli miðað við stærð gildrunnar en fyrirtækið mun hafa skoðað að stækka gildruna eða bæta við nýrri sem myndi þá draga úr losunarstyrknum. Skoða þarf einnig bættu framleiðslutækni sem gæti haft áhrif á losunina. Út frá 4 klst. gildum sést að áberandi mesta losunin er í einu sýni sem bendir til þess að um tilfallandi losun hafi verið að ræða. Kanna þarf hvað hefur valdið þessari losun og hvort megi komast fyrir að það gerist endurtekið.

Efnagreiningar og hugtök

Fita (mg/L). Heildarstyrku fitu og olíuefna í vinnsluvatni var mælt samkvæmt Standard Methods 5520B með staðlaðri aðferð, "Standard method for the examination of water and wastewater, 5520B, liquid-liquid, Partition - Gravimetric method". Sýnið er sýrt og hrist með ether. Etherinn dregur í sig fituna og er hann skilinn frá vatnslausninn. Etherinn er síðan látinn gufa upp og eftir situr fitan. Þessar mælingar voru framkvæmdar hjá Sýni ehf.

COD (mg/L). Efnaræðileg súrefnisþörf (e. Chemical Oxygen Demand) er mælikvarði á lífrænu innihaldi. Mælt er magn súrefnis sem þarf til að brjóta niður allt lífrænt efni í ákveðnu rúmmáli af vatnssýni og er því í raun um að ræða milligrömm súrefnis í lítra af vatnssýni (mg O₂/L). Mæling var framkvæmd samkvæmt DIN 38409-H41-H44.

Svifagnir (mg/L). Heildarstyrkur svifagna (e. Total Suspended Solids, TSS), var mælt samkvæmt Standard Methods 2540D þar sem svifagnir eru síaðar frá vatni og uppleystu efni með glertrefjasíu (1,2 µm), þurrkaðar við 103°C og vigtaðar. Svifagnir eru mælikvarði á óuppleyst þurrefni, þ.e. sá hluti þurrefnis sem mögulegt er að fella út í hreinsun.

Líffræðileg súrefnisþörf (BOD₅). Mælikvarði á magn lífrænna niðurbrjótanlegra efna í vatni. Greint með staðlaðri mæliaðferð sem tekur 5 daga. Hlutfall COD/BOD₅ er alltaf undir 1,0 því sum efni oxast efnalega en ekki líffræðilega. Nokkuð stöðug hlutföll milli COD og BOD₅ eru í frárennsli ákveðinnar starfsemi. BOD₅ var mælt hjá rannsóknarstofu ALS í Svíþjóð

Persónueining (pe.) er magn lífrænna efna, næringarsalta og annarra efna sem samsvarar því sem einn einstaklingur er að jafnaði talinn losa frá sér á sólarhring. Ein pe. af lífrænu efni er það magn lífrænna efna í skólpi sem getur brotnað niður líffræðilega með 60 g súrefnis á dag mælt með 5 sólarhringa lífefnafræðilegri súrefnisnotkun.

Starfsleyfi

fyrir Hval Hf. fyrir vinnslu hvalaafurða að Litla Sandi í Hvalfjarðarsveit vegna mengunarvarna.

I. ALMENN ÁKVÆÐI, MARKMIÐ OG GILDISSVIÐ

1.1 Lýsing á starfsemi

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Hval hf. kt. 650169-6549 hér eftir nefnt rekstraraðili. Starfsleyfið gildir í 4 ár frá útgáfudegi fyrir starfsemi Hvals hf. á Litla Sandi þar sem fram fer vinnsla á hvalaafurðum. Fasteignanúmer 2104627. Í hvalstöðinni er aðstaða til að taka á land stórhveli og vinna úr þeim kjöt, rengi og aðrar afurðir, sem fluttar eru frá stöðinni ferskar eða frosnar. Það sem ekki nýtist til kjötvinnslu svo sem bein, ýmis innyfli og afskurður fer í vinnslu í verksmiðju fyrirtækisins. Afurðir þeirrar vinnslu eru hvalmjöl og hvallýsi. Hámarksframleiðslugeta stöðvarinnar er 10 tonn af mjöli og lýsi á sólarhring og 75 tonn af kjöti, spiki og rengi.

Starfsleyfið er gefið út í samræmi við lög nr 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir IV viðauka. Starfsemin fellur jafnframt undir reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, viðauka X, Lið 5.2 Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi, 4.13 Fitu og lýsisvinnsla, liður 4.12 kjötvinnsla. Starfsleyfið er gefið út fyrir allt að 20 þúsund persónueiningum frá vinnsluhluta fráveitunnar.

Mötuneyti og starfsmannabúðir í tengslum við starfsemina sem er starfsleyfisskylt skv. 25. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti og skv. reglugerð um gildistöku EB nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli nr. 103/2010. Starfsleyfi fyrir starfsmannabúðir og mötuneyti var gefið út af Heilbrigðiseftirliti Vesturlands 12. júní 2018 og gildir það til 12. júní 2030.

Auk ofangreindra starfsleyfa er starfsemin háð leyfi frá Matvælastofnun.

1.2. Fyrirliggjandi skipulag

Starfsemin er í samræmi við Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2020 til 2032 en þar er starfssvæðið Litli Sandur skilgreint sem athafnasvæði (A10) að stærð 15. 3 ha. og hafnarsvæði (H2) að stærð 4,9 ha.

1.3 Umfang starfsleyfis og eftirlits

Umfang starfsleyfis nær til eftirtaldrá atriða

1.3.1 Fráveita frá vinnslu

Rekstur á fráveitu og hreinsun á allt að 20 þúsund p.e. af vinnsluvatni sem tekur við vinnsluvatni og þvottavatni. Fráveituvatn er leitt í gegnum 5m³ fastefnaskilju og svo í gegnum 10 m³ fitugildru.



1.3.2 Fráveita frá starfsmannaaðstöðu

Skólþ frá starfsmannaaðstöðu er leitt í sér kerfi í tvær 20 m³ rotþrær, frárennsli frá þeim er leitt í sameiginlega útrás með útrásarenda út fyrir stórstraumsfjöru á meira en 5 m dýpi.

1.3.3 Fráveituvatn frá sjóðurum

Soðvatn frá sjóðurum um 54 m³ er eimað og er lýsið skilið frá því í skilvindu. Hluti soðkjarnans er blandað í mjölpresuköku en restin fer í hreinsibúnað sbr. grein 1.3.1. Á starfsleyfistímanum skal unnið að ráðstöfun á þessum hluta soðvatnsins þannig að hann verði nýttur eins og leyfi fæst til.

1.3.4 Vatnsveita fyrir Litla Sand

Vatnsveita fyrir hvalstöðina við Litla Sand: Opið vatnsból sem flytur vatn um 85 m leið í járnlögnum niður í 3.400 tónna jártank hnit°23'56''N ig 21°25'18''V hæð 78 m. Þaðan tekur við 12'' plastlögn að hvalstöðinni niður á bryggju. Allt neysluvatn er síað og geislað. Kaldavatsleiðslan er í sameiginlegri eigu Hvals Hf. og Olíudreifingar. ehf.

1.3.5 Olíumannvirki

Á lóð verksmiðjunnar er 50 þúsund litra tankur með tvöföldu byrgði. Tankurinn er í eigu og umsjón N1 ehf. Í tankinum er geymd flotaolía fyrir gufuketilinn. Auk olíu er gufuketillinn knúinn með hvallýsi.

2. Ábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri starfseminnar og ábyrgist að starfsemin sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og að ákvæðum starfsleyfis og starfsleyfisskilyrða sé framfylgt. Hann ber umhverfisábyrgð, sbr. gr. 2.2 í starfsleyfisskilyrðum þessum.

Starfsleyfisveitandi getur sett ítarlegri skilyrði í starfsleyfi en þau sem fram koma í starfsleyfisskilyrðum þessum, ef aðstæður krefja, s.s. ef hreinsun fráveituvatns reynist ekki nægjanlegur með þeim búnaði sem verður settur upp vorið 2023. Jafnframt getur starfsleyfisveitandi dregið úr kröfum sem fram koma í starfsleyfisskilyrðum þessum.

2.1

Stöðvun

rekstar/lokun

Rekstraraðili skal útbúa áætlun um rekstrarstöðvun þar sem fjallað er um verklag sem miðar að því að lágmarka hugsanleg umhverfisáhrif vegna rekstrarstöðvunar. Tilkynna skal eftirlitsaðila um það ef starfsemi hefst að nýju hafi starfsemin legið niðri.



2.2 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

2. STARFSHÆTTIR

2.1 Starfshættir

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum eða eftir atvikum bestu fánlegu tækni (BAT) sé hún tiltæk (sbr. 7. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og draga sem mest úr því álagi sem starfsemin veldur á umhverfið.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra.

Rekstraraðila er skylt að sjá til þess að á athafnasvæði fyrirtækisins, hreinsivirkis og annarra mannvirkja fráveitu, sé gætt fyllsta hreinlætis og að lóð/svæði sé haldið snyrtilegu. Geymsla og uppsöfnun á úrgangi og öðru því sem ekki tilheyrir starfseminni á athafnasvæði er óheimil. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingum eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið. Þess skal gætt eins og unnt er að meindýr og vargfugl komist ekki í æti frá hreinsistöðinni.

Ef eftirlit leiðir í ljós að vatnshlot sem skólp/vinnsluvatn er losað í uppfyllir ekki kröfur laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp eða kröfur í öðru regluverki, skal heilbrigðiseftirlit gera rekstraraðila viðvart og skal grípa til úrbóta ef ástand vatnshlots hrakar eða ef það uppfyllir ekki umhverfismarkmið sín. Komi til þess skal rekstraraðili koma á umhverfisvöktun sbr. grein 4.2. Til að fylgjast með áhrifum í viðtaka skal rekstraraðili vinna eftir vöktunaráætlun sem hefur hlotið samþykki heilbrigðiseftirlitsins.

2.2 Samskipti og samráð og birting gagna

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila vegna eftirlits með mengunarvörnum og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þjónustuvakt/stjórnstöð utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.

Almenningur á rétt á upplýsingum um niðurstöður mengunareftirlits vegna rekstursins hjá eftirlitsaðila og eru þær gerðar opinberar á vef Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.

3. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

3.1 Losunarmörk, þéttleiki og meðferð skólps og ofanvatns

Hreinsivirki skal uppfylla kröfur um losunarmörk í reglugerð um fráveitur og skólp, gr. 4,3 í starfsleyfisskilyrðunum. Lagnir og annar búnaður til meðferðar á skólpi skal vera þéttur svo ekki leki vatn inn eða skólp út.



3.2 Úrgangur

Tanka, ker og ílát sem úrgangi er safnað í skal tæma reglulega og eftir þörfum af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi. Aðkoma til tæmingar eða söfnunar úrgangs skal vera fullnægjandi að mati eftirlitsaðila. Allan úrgang sem ekki er endurnýttur skal flytja í móttökustöð sem hefur til þess starfsleyfi eða til endurnýtingar. Um flutning og meðhöndlun úrgangs gilda ákvæði laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerðar nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru og fylgiskjal IV í lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Soðkjarnatæki skulu útbúin fullkomnum dropagildrum. Fylgjast skal með að soðtæki séu ekki ofhlaðin. Stefnt skal að nýta allt soðvatn á starfsleyfistímanum í stað þess að leiða það í gengum hreinsibúnað og í viðtaka sbr. gr. 1.3.3.

Lokunarbúnaður á lýsisgeymi skal vera staðsettur þannig að hann verði ekki fyrir hnjaski.

3.3 Loftmengun

Efna- og sóttmengun skal ekki verða við meðhöndlun, flutning og förgun úrgangs frá fráveitunni eða hreinsistöðinni. Leitast skal við að halda lyktarmengun frá starfsemiinni við meðhöndlun, flutning og förgun úrgangs í lágmarki.

Lofttræsta skal frá lyktaruppsprettum í verksmiðjunni s.s. sjóðurum, pressum, sniglum, tönkum og skilvindum. Útblástur skal leiða út í gegnum skorstein. Hraði útblásturs frá skorsteinum verksmiðjunnar skal vera minnst 15 m/s.

3.4 Hávaði

Um hávaða gilda ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða. Hávaði sem berst frá stöðinni skal ekki vera meiri en kveðið er á um í viðauka með reglugerðinni, sbr. töflu 1 í 3. tölulið og skal þess jafnframt gætt eins og unnt er að hávaði frá starfsemiinni valdi ekki ónæði, s.s. vegna titrings eða högghljóða.

4. INNRA EFTIRLIT

4.1 Eftirlit og skráning

Eftirlitshafi skal hafa reglulegt eftirlit með búnaði og umhverfis- og rekstrarþáttum sem valda mengun eða losun efna út í umhverfið.

Rekstraraðili skal halda eftirlitsdagbækur þar sem skráð eru atriði er varða fyrirkomulag og eftirlit með hreinsivirki hreinsistöðvar, þ.m.t. reglubundnar tæmingar og viðhald.

Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu þær vera teknar saman í árlegri skýrslu sem send er heilbrigðiseftirlitinu til upplýsinga. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila skýrslu um umhverfisvöktun og innra eftirlit samkvæmt greinum 4.1 til 4.3 fyrir 15. mars ár hvert vegna ársins á undan ásamt mæliniðurstöðum skv. grein 4.1. Eftirlitsaðili getur fallist á annað fyrirkomulag á þessum skilum, óski rekstraraðili þess.

- a. Niðurstöður mælinga á fráveituvatni frá verksmiðju.



- b. Niðurstöður vöktunar í viðtaka og upplýsingar um frávik skv. vöktunaráætlun og kröfum í starfsleyfi ef við á.
- c. Dagsetningu tæmingar á fráveitumannvirkjum.
- d. Eftir atvikum förgunarstað seyru og soðvatns, vinnslustað eða landgræðslusvæði eins og við á.
- e. Óhöpp eða slys sem hafa í för með sér losun mengandi efna ef við á.
- f. Stöðvanir vegna bilana, viðhalds eða af öðrum ástæðum. Skrá skal m.a. ástæðu stöðvunar, viðbrögð og tímalengd þeirra ásamt afleiðingum fyrir hreinsun, losun í viðtaka eða eftir atvikum notkun neyðar- og yfirfallsútrása.
- g. Endurnýjun fráveitukerfa og tímasett úrbótaáætlun.
- h. Atriði er varða rekstur stöðvarinnar s.s. hreinsun, viðgerðir og viðhald.
- i. Upplýsingar um viðhald vatnsveitu og geislatækis

Eftirlit og viðhald með vélum og mengunarvarnabúnaði, m.a. síum og skiljum skal ávallt vera með þeim hætti að ekki eigi sér stað óleyfileg útlosun. Eftirlitskerfi skal vera með rekstri hreinsivirkisins sem gefur merki um leið og hreinsun fellur niður eða mannvirkid starfar ekki eins og til er ætlast.

4.2 Umhverfisvöktun

Losun fráveituvatns er í vatnshlotið Hvalfjarðarbotn nr. 104-1236-C Strandsjór og er samkvæmt gerðalýsingu opið vatnshlot. Samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála skulu öll strandsjávahlöt vera í góðu eða mjög góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi. Komi í ljós að vatnshlotið uppfyllir ekki umhverfismarkmið sín vegna losunar á skólpi skal rekstraraðili ráðast í aðgerðir við að draga úr álagi á það enda sé unnt að rekja að mengun sé til komin vegna starfsemi rekstraraðila.

Eftirfarandi atriði gildir fyrir næstu vertíð ef mælingar sýna að fjöldi persónueininga er 10 þúsund persónueiningar eða meira. Þá skal rekstraraðili vakta helstu gæðabætti í vatnshloti í samræmi við samþykkt vöktunaráætlun í þeim tilgangi að meta álag á umhverfið sem starfsemin veldur og ráðast í úrbætur sé þess þörf.

Rekstraraðili skal leggja fram vöktunaráætlun sem gerir ráð fyrir vöktun á gæðabáttum í samræmi við stjórn vatnamála (níturat, fosfat, blaðgræna, hryggleysingjar og botnpörungar) og í samræmi við vöktun á viðtaka þar sem eins þreps hreinsun er heimiluð (heildar fosfór, heildar köfnunarefni, súrefnisþörf og uppleyst súrefni) (sjá [leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um vistfræðileg viðmið við flokkun strandsjávár](#)). Rekstraraðili skal jafnframt vakta reglulega gerlamengun. Nánara fyrirkomulag á gerlamælingum skal koma fram í vöktunaráætlun.

Vöktunaráætlun skal vera til fjögurra ára og endurskoðuð að þeim tíma liðnum ef rekstraraðili eða eftirlitsaðili óskar eftir því. Starfsleyfisveitandi yfirfer og samþykkir hana að höfðu samráði við Umhverfisstofnun. Skýrslu með niðurstöðum umhverfisvöktunar skal senda Heilbrigðiseftirliti Vesturlands

4.3 Mælingar og losunarmörk

Sýnatökuaðstaða

Til staðar skal vera sýnatökubrunnur sem gerir kleift að taka dæmigerð sýni af óhreinsuðu vinnsluvatni þar sem það kemur inn í fitugildruna, sem og hreinsuðu vinnsluvatni þar sem það kemur út úr fitugildrunni áður en það er losað í viðtaka. Fyrirkomulag sýnatökuaðstöðu skal tryggja góða blöndum skólpsins sem sýni er tekið af. Þar sem ekki er hægt að koma því við skal blöndun við sýnatöku tryggð á annan hátt.

Sjá leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um eftirlitsmælingar og vöktun vegna fráveitu.

Kröfur um hreinsun

Hreinsað skólp sem losað er í viðtaka skal standast kröfur sem gerðar eru í 14. mgr. 3. gr. og gæðamarkmið í fylgiskjali 1A í reglugerð um fráveitur og skólp. Komi til þess að reglugerðin verði endurskoðuð með strangari kröfum á starfsleyfistímanum þá gilda þær kröfur. Rekstaraðili skal gera eftirlitsmælingar í hreinsistöð og fylgjast með mælipáttum sbr. eftirfarandi töflu og upplýsa eftirlitsaðila um hreinsigetu stöðvarinnar í samræmi við það.

	Hreinsunarmarkmið, %
BOD ₅	20%
Svifagnir	50%
Mengunarefni skv. regl. 796/1999	Eftir aðstæðum.

4.4 Sýnataka og mat sýna

Um innra eftirlit, skólpsýnatöku, meðferð og mat á sýnum fer skv. 27. grein um mengunarvarnaeftirlit og A, B og D-hluta (eins og við á) í I. viðauka reglugerðar um fráveitur og skólp og leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um eftirlitsmælingar og vöktun vegna fráveitu.

Við sýnatökur skal taka 3 sólarhringsblandsýni meðan vertíð stendur yfir fyrsta árið en 1 sólarhringsblandsýni eftir það. Mælt er með breytileika í nákvæmum sýnatökudagsetningum til að ná að mæla breytileika í losun. Blandsýnin skulu tekin yfir sólarhring og skulu miðast við hlutfall flæðis eða sólarhrings. Á sama tíma og sýnin eru tekin skal mæla hitastig innrennslis í hreinsibúnað.

Gera skal mælingar í hreinivirki til þess að sannreyna hreinsun.

Mælipættir	Fjöldi sýna á ári.
BOD ₅	3ss meðan vertíð stendur yfir fyrsta árið en 1 ss á hverri vertíð eftir það.
Svifagnir	3ss meðan vertíð stendur yfir fyrsta árið en 1ss á hverri vertíð eftir það.

ss =sólarhringsblandsýni

4.5 Útrás og yfirfall

Útrás

Við útrásir þar sem fráveituvatn er leitt í viðtaka sem ekki njóta sérstakrar verndar má hvergi vera: Set eða útfellingar, þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir), Olía eða froða, sorp eða aðrir aðskotahlutir né efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi.

4.6 Kostnaður

Rekstraraðili skal greiða kostnað við mælingar og rannsóknir á mengun samkvæmt 4. kafla. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og eftirlitsaðili samþykkir.

Starfsleyfisskilyrði þessi eiga sér stoð í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólþ og reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Greinargerð með starfsleyfi.

Starfsleyfið er auglýst á vef heilbrigðiseftirlitsins www.hev.is frá 12. maí - 9. júní 2023. Hvalfjarðarsveit voru sendar upplýsingar um auglýsinguna.

176. fundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands.

Fundurinn var haldinn í Landnámssetrinu Borgarnesi mánudaginn 20. júní 2022 kl. 16:00.

Mættir Karitas Jónsdóttir, Brynja Þorbjörnsdóttir, Steinunn I. Magnúsdóttir, Silja Eyrún Steingrímsdóttir, Ragnhildur Sigurðardóttir og Auður Kjartansdóttir. Trausti Gylfason boðaði forföll Þorsteinn Narfason framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlitsins ritaði fundargerð.

4.39 Hvalur hf. sækir um framlengingu á starfsleyfi í samræmi við heimild vegna vinnslu á hvalaafurðum á Litla Sandi í Hvalfjarðarsveit. Lögð fram greinargerð með lýsingu á framleiðsluferlum og umfangi starfseminnar, unnin af Eflu. Gildandi starfsleyfi er framlengt þar til endurnýjað starfsleyfi hefur verið gefið út, en eigi lengur en til 1. maí 2023. Nefndinni hefur borist umsókn um endurnýjun starfsleyfis og er starfsleyfi fyrir starfsemina í vinnslu. Um heimild til framlengingar starfsleyfis er vísað í 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, m.s.br.



Umsókn um starfsleyfi

Ný starfsemi Endurnýjun Eigandaskipti Breytingar á húsnæði Breytingar á starfsemi

Nafn fyrirtækis: HVALUR H.F. Kennitala: 650169-6549

Aðsetur: LITLA SANDI Póstnr.: 301

Sími: 5550565 Netfang: kl@hvalur.is

Fasteignanr: _____

Tegund rekstrar og framleiðslu: VINNSLA Á HVALAAFURÐUM


Nafn forsvarsmanns KRISTJÁN LOFTSSON Kennitala: 170343-5499

Starfsemi hófst/hefs FYRST 1948

Forráðamaður skuldbindur sig til að sjá svo um að starfsemi og rekstur fyrirtækisins samræmi við gildandi lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, hollustuháttareglugerð nr. 941/2002, reglugerð um mengunarvarnir og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018, og önnur lög og reglur er starfsemina varða. Fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á húsnæði, framleiðslu og rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands. Við flutning fellur starfsleyfið úr gildi. Framsal leyfisins er

HVALFIRÐI, 01.04.2022
Staður og dags.

pr.pr.HVALUR H.F.,


Undirskrift forsvarsmanns

Umsókn móttakin: _____ Afgreiðsla heilbrigðisnefndar: _____

Gjaldfl.: _____ Starfsemisflokkur _____ Samþykkt húsnæði: _____

Starfsleyfi

til að starfrækja: **vinnslu á hvalaafurðum**

Nafn fyrirtækis: **Hvalur hf.**

Heimilisfang: **Litla Sandi**

Póstnúmer: **301 Akranes**

Kennitala: **650169-6549**

Sími: **433 8822**

Netfang: **kl@hvalur.is**

Fullt nafn forsvarsmanns: **Kristján Loftsson**

Heimilisfang: **Reykjavíkurvegi 48**

Póstnúmer: **220 Hafnarfjörður**

Kennitala: **650169-6549**

Sími: **555 0565**

Útgáfudagur leyfis: **12. júlí 2010**

Gildir til: **12. júlí 2022**

Fyrirtækið skal hlíta ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 og öðrum reglugerðum sem gilda um starfsemina á hverjum tíma svo og skilyrðum á fylgiskiali með leyfi þessu.

Um starfsumhverfi og öryggi starfsmanna fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands. Ef fyrirtækið flytur eða eigandaskipti verða, fellur starfsleyfið úr gildi. Framsal starfsleyfis er óheimilt.

Leyfið er útgefið samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 og reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Borgarnesi, 12. júlí 2010



Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
Innrimel 3, 301 Akranes
kt. 550399-2299
Símar: 4312740 og 4312750
netf: heilbrigðiseftirlit@vesturland.is

Hvalfjarðarsveit, 12. júlí 2010.

Hvalur hf.
Kristján Loftsson
Reykjavíkurvegi 48
220 Hafnarfjörður.

Meðfylgjandi er endurnýjað starfsleyfi fyrir starfsemi Hvals hf. á Litla Sandi sem heilbrigðisnefnd Vesturlands (HeV) samþykkti á fundi sínum 28. apríl s.l. Starfsleyfið byggir að mestu á upplýsingum frá rekstraraðila og fyrra leyfi sem gefið var út 2006.

Tekið er tillit til athugasemda sem bárust frá rekstraraðila vegna hreinsimannvirkja. Þar sem mikil óvissa ríkir um hvalveiðar í framtíðinni eru bráðabirgða-ákvæði í starfsleyfinu vegna töluliða 2.5.-2.7. Þau efnisatriði verða síðan endurskoðuð að fjórum árum liðnum.

Þá vill heilbrigðisnefndin benda á ákvæði í starfsleyfi vegna græns bókhalds, og að fyrirtækið skuli taka tryggingu vegna bráðamengunartjóns í samræmi við 3. gr. reglugerðar nr. 1078/2005, sbr. liði 6.4. og 6.5. í starfsleyfiskilyrðum.

Starfsleyfisdrögin voru auglýst í fréttablaðinu Skessuhorni í maí og lágu frammi á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar fram til 9. júlí s.l.

Engar athugasemdir bárust við starfsleyfistillögurnar.

Bent skal á að meðfylgjandi starfsleyfiskilyrði gilda fyrir starfsemi fyrirtækisins á Litla Sandi.

Ákvörðun heilbrigðisnefndar um útgáfu starfsleyfisins má kæra til fullnaðarúrskurðar umhverfisráðherra innan tveggja vikna sbr. 32. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Virðingarfyllt
HEILBRIGÐISEFTIRLIT
Kristján Loftsson
VESTURLANDS

framkv. stj. heilbrigðiseftirlits

Afrit:
Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar
Matvælastofnun
Umhverfisstofnun

Starfsleyfi

til að starfrækja: **vinnslu á hvalaafurðum**

Nafn fyrirtækis: **Hvalur hf.**

Heimilisfang: **Litla Sandi**

Póstnúmer: **301 Akranes**

Kennitala: **650169-6549**

Sími: **433 8822**

Netfang: **kl@hvalur.is**

Fullt nafn forsvarsmanns: **Kristján Loftsson**

Heimilisfang: **Reykjavíkurvegi 48**

Póstnúmer: **220 Hafnarfjörður**

Kennitala: **650169-6549**

Sími: **555 0565**

Útgáfudagur leyfis: **12. júlí 2010**

Gildir til: **12. júlí 2022**

Fyrirtækið skal hlíta ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 og öðrum reglugerðum sem gilda um starfsemina á hverjum tíma svo og skilyrðum á fylgiskjali með leyfi þessu.

Um starfsumhverfi og öryggi starfsmanna fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands. Ef fyrirtækið flytur eða eígangaskipti verða, fellur starfsleyfið úr gildi. Framsal starfsleyfis er óheimilt.

Leyfið er útgefið samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 og reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Borgarnesi, 12. júlí 2010



Starfsleyfisliyrði

fyrir vinnslu hvalaafurða Hvals hf. á Litla Sandi

í Hvalfjarðarsveit

Gefið út af Heilbrigðisnefnd Vesturlands í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 9. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstri sem getur haft í för með sér mengun.

Rekstraraðili er Hvalur hf., kt. 650169-6549.

Forráðamaður: Kristján Loftsson

1. Um starfsleyfið – almenn ákvæði

- 1.1. Gildistími starfsleyfisins er 12 ár frá útgáfudegi. Starfsleyfið skal endurskoða að jafnaði á fjögurra ára fresti og ef:
 - breytingar verða á eignarhaldi eða rekstri. Allar breytingar á rekstri skal tilkynna til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands með góðum fyrirvara þannig að a.m.k. gefist 4 vikur til að meta þær og hugsanleg áhrif á starfsleyfið.
 - fram koma skaðleg áhrif starfseminnar á umhverfið, meiri mengun af völdum atvinnurekstrarins en búast mátti við eða hætta sem ekki var áður ljós.
 - gerðar eru nýjar kröfur eða breytingar verða á bestu fánlegu tækni sem gildir um reksturinn.
- 1.2. Starfsleyfið gildir fyrir vinnslu hvalaafurða, kjötskurðar, mjöl- og lýsisframleiðslu, fyrir allt að 200 tonnum af hráefni á sólarhring.
- 1.3. Við gerð mannvirkja og tækja og við rekstur verksmiðjunnar, skal taka fyllsta tillit til nauðsynlegra heilnæmis- og hollustuhátta að því er varðar hráefni og afurðir.
- 1.4. Farartæki sem flytja afurðir frá fyrirtækinu skulu uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 103/2010 (EB 852/2004).
- 1.5. Um starfsemi mótuneytis og meðferð matvæla ber að sækja um starfsleyfi sbr. matvælalög nr. 93/1995 með síðari breytingum.
- 1.6. Um starfsemi starfsmannabúða ber að sækja um starfsleyfi sbr. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.
- 1.7. Um varnir gegn skaðlegum áhrif á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.8. Um rekstrarleyfi fyrir starfsemina fer samkvæmt lögum um hvalveiðar nr. 26/1949 og matvælalögum nr. 93/1995 með síðari breytingum.
- 1.9. Fyrirtækinu ber að tryggja sér byggingarleyfis vegna starfseminnar hjá sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar og eftir atvikum hjá landeigendum.
- 1.10. Eintak af starfsleyfinu skal ávallt vera tiltækt í fyrirtækinu og skal kynna öllum starfsmönnum ákvæði þess. Forsvarsmenn fyrirtækisins eru ábyrgir fyrir að það starfi samkvæmt því sbr. viðurlög í VIII kafla laga nr. 7/1998.

2. Varnir gegn mengun ytra umhverfis

- 2.1 Ávallt skal beita bestu fánlegu tækni (BAT) við mengunarvarnir fyrir reksturinn eftir því sem hún verður tiltæk, með eðlilegum aðlögunartíma fyrir fyrirtækið. Besta fánlega tækni við mengunarvarnir er sú tækni sem beitt er til að lágmarka mengun og myndun úrgangs.
- 2.2 Allt hráefni skal geymt í yfirbyggðum geymslum. Hráefnisgeymslur skulu vera þéttar og skal allt blóðvatn og annar vökvi frá hráefni tekinn til vinnslu. Strax og hráefnisgeymsla hefur verið tæmd, skal skola hana með vatni. Vatni frá fyrstu skolun skal halda í lágmarki, t.d. með háþrýstidælum og taka til vinnslu í verksmiðju.
- 2.3 Reynist nauðsynlegt að nota moksturstæki, skal þrifa þau vel að verki loknu og skal vera aðstaða til þess á lóð verksmiðjunnar.
- 2.4 Hráefni skal tekið til vinnslu svo fljótt sem kostur er.
- 2.5 Loftræsta skal frá verulegum lyktaruppsprettum í verksmiðju svo sem sjóðurum, pressum, sniglum, tönkum og skilvindum, og ræstiloftið flutt til lyktheyðingar. Loftræsting skal hönnuð á þann hátt, að sem minnst af ómengudu lofti sé dregið með.
- 2.6 Loft frá þurrkurum skal leiða í gegnum skiljur með góða skiljunarhæfni.
- 2.7 Útblástur að lokinni lyktheyðingu skal leiða út í gegnum skorstein. Hraði útblásturslofts frá skorsteinum verksmiðjunnar skal ekki vera minni en 15 m/s.
- 2.8 Soðkjarnatæki skulu útbúin fullkomnum dropagildrum. Fylgjast skal vel með því að soðtæki séu ekki ofhlaðin. Allt soðvatn skal nýta.
- 2.9 Tækjabúnað og mannvirki skal hreinsa þannig að hreinsivökvanum sé safnað saman og hann endurnýttur eins oft og hægt er. Þegar honum er veitt til sjávar, skal sýrustigið (pH) vera á bilinu 2-11,5.
- 2.10 Fráveituvatn úr hráefnisgeymslum, innan úr verksmiðju og af plönnum skal leiða í fitugildru og veita þaðan til sjávar.
- 2.11 Fitugildru skal hreinsa eins oft og nauðsyn krefur. Fitu og úrgang, sem safnast fyrir í henni, skal nýta eða farga á viðeigandi hátt að mati eftirlitsaðila. Stærð og gerð fitugildru er háð samþykki heilbrigðisnefndar.
- 2.12 Framkvæma skal athugun á sviföngnum og COD í fráveituvatni frá verksmiðjunni. Áætla skal heildarmagn þessara efna á grundvelli rennslismælinga.
- 2.13 Gengið skal frá fráveitu, annarri en þeirri sem upp er talið í gr. 2.10, í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skolp.
- 2.14 Lokunarþúnaður á lýsisgeymi skal viðurkenndur og þannig staðsettur að ekki sé hætta á því að hann verði fyrir hnjaski.
- 2.15 Um frágang olíugeyma og varnir gegn mengun af völdum olíu fer samkvæmt gildandi reglum hverju sinni.
- 2.16 Verði bilun í mengunarvarnabúnaði eða starfi hann af óviðráðanlegum orsökum ekki sem skyldi skulu þegar í stað hafnar nauðsynlegar lagfæringar. Tilkynna skal eftirlitsaðila um bilunina, sem metur hvort þörf sé sérstakra aðgerða.
- 2.17 Hirða skal allan lífrænan úrgang sem til fellur við starfsemina, endurvinna hann eða flytja til eyðingar á viðurkenndan urðunarstað. Ganga skal vel frá þessum úrgangi og kæla eftir atvikum eða geyma í þéttum geymsluílátum sem losuð verði eftir þörfum þannig að ekki hljóti ólykt eða önnur óþrif af.
- 2.18 Verði vart neikvæðra áhrifa frá starfseminni í viðtaka s.s. set, útfellingar, þekjur af rotverum, froðu, aðskotahluti. óþægilega lykt, lit eða grugg, þá getur heilbrigðisnefnd gert sértækar kröfur um ráðstafanir til úrbóta.

- 2.19 Verksmiðjunninn er skylt að sjá um, að á öllu athafnasvæði hennar sé gætt fyllsta hreinlætis. Svæðið skal lagt bundnu olíu- og fituþolnu slitlagi eftir því sem þurfa þykir að mati heilbrigðisnefndar. Verksmiðjunninn ber að halda útliti sínu og umhverfi snyrtilegu.

3. Úrgangur

- 3.1 Öll brennsla á hvers kyns úrgangi eða sorpi frá starfseminni er óheimil.
- 3.2 Hirða á sorpi og öðrum úrgangi af hvaða tagi sem er skal vera regluleg og engu safnað upp þannig að óþrif hljóttist af.
- 3.3 Hættulegum efnum og spilliefnum, sem falla til við starfsemina, skal haldið aðskildum frá öðru sorpi og skilað reglulega til aðila sem hafa starfsleyfi til að taka á móti þannig úrgangi. Halda skal eftir kvittun frá þeim aðila til staðfestingar á skilum.
- 3.4 Þess skal gætt að meindýr og vargfugl komist ekki í æti hjá fyrirtækinu.

4. Innra eftirlit

- 4.1 Fyrirtækið skal halda til haga upplýsingum um:
- Fjölda hvala sem teknir eru til vinnslu.
 - Birgðir og notkun hreinsi- og sóttgreinsiefna.
 - Eftirlit og viðhald mengunarvarnabúnaðar.
 - Tæmingu fitugildru ásmat staðfestingu flutningsaðila eða móttökustöðvar.
 - Mengunarslys af öllu tagi.
 - Kvartanir vegna starfsemi fyrirtækisins.
 - Staðfestingu á móttöku spilliefna og hættulegs úrgangs.

5. Helstu lög og reglugerðir sem starfsemina varða.

- Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
- Matvælalög nr. 93/1995 með síðari breytingum.
- Reglugerðir um starfsleyfi vegna mengandi atvinnureksturs nr. 785/1999.
- Reglugerð um mengunarvarnaeftirlit nr. 786/1999.
- Reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999.
- Reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003.
- Reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002.
- Reglugerð nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

6. Ýmis skilyrði

- 6.1. Skylt er að tilkynna öll mengunaróhöpp til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands sem metur hvort stöðva beri starfsemi tímabundið eða endanlega.
- 6.2. Fyrirtækið skal nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun þegar reksturinn er stöðvaður. Þá skal fyrirtækið koma rekstrarsvæði í viðunandi horf, að mati heilbrigðisnefndar Vesturlands, þegar fyrirtækið hættir endanlega starfsemi.
- 6.3. Fyrirtækinu ber aðsenda Umhverfisstofnun upplýsingar um notkun kælimiðla á eyðublaði sem stofnunin lætur í té.
- 6.4. Fyrirtækinu ber að færa grænt bókhald sbr. lög nr. 7/1998 og reglugerð nr. 851/2002.
- 6.5. Fyrirtækið skal taka tryggingu vegna bráðamengunartjóns sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 1078/2005 um tryggingar skipa og starfsemi á landi vegna bráðamengunar.

- 6.6. Almennitur á rétt á upplýsingum um niðurstöður mengunareftirlits vegna rekstursins hjá eftirlitsaðila. Heilbrigðisnefndum, heilbrigðisfulltrúum og starfsmönnum Umhverfisstofnunar skal heimill aðgangur að fyrirtækinu til skoðunar og eftirlits.
- 6.7. Forsvarsmönnum fyrirtækisins er skylt að veita þessum aðilum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlitsins svo og að afhenda sýni endurgjaldslaust.
- 6.8. Fyrirtækinu ber að greiða Heilbrigðiseftirliti Vesturlands gjald vegna útgáfu og kynningar á starfsleyfinu svo og árlegt eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Vesturlands. Ef grípa þarf til sérstakra rannsókna vegna starfseminnar er fyrirtækinu einnig skylt að greiða fyrir þær.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði um að leiða loft frá sjóðurum og þurrkurum í gegnum skilju er rekstraraðila gefin 4 ár til að uppfylla ákvæði gr. 2.5.-2.7. varðandi skiljubúnað enda verði lykt frá starfseminni ekki meiri en var á starfsárinu 2009 og fyrirtækið uppfylli ákvæði gr. 1.1. í starfsleyfinu.

Hvalfjarðarsveit, 12. júlí 2010



**EFTIRLITSSKÝRSLA****Hvalur hf. Litla Sandi**

Dags eftirlits	20.6.2018	Tegund eftirlits	Sýnaferð
Fyrirtæki	Hvalur hf.	ÍSAT nr.	15.13.0.3
Heimili	Pósthólf 233	Flokkur	Kjöttvinnsla, stór
Kennitala	6501696549		
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnlaugur Fjólar Gunnlaugsson	Heilbrigðisfulltrúi	Helgi Helgason

UMFANG EFTIRLITS

Sýni af vatni var tekið í kjötsal fyrirtækisins í fylgd Nonna. Vatn var búið að leka í gegnum slöngu í minnst 1 klst. þar sem ég hringdi í Gulla með góðum fyrirvara.

Sýni var ekki tekið úr slönguenda heldur beint úr krana í kjötsal.

Farið var með sýnið á rannsóknastofu matís ohf. þar sem gerð' verður gerlarannsókn.

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

21.06. Póstur kom frá rannsóknastofu þar sem grunur lék á að kólímengun væri í vatninu. Niðurstöður kæmu í ljós á morgun.

Hrindgi strax í Gulla og tilkynnti honum þennan grun.

Ætlar hann að hækka spennu á geilsatækinu til öryggis.

22.06. Staðfesting kom frá rannsóknastofu um að einn kólí finnist í 100 ml vatns. Þarna er þó ekki um E-coli að ræða.

Tilkynnti Gulla um þetta og sagði hann að geislatækið hefði verið yfirfarið í gær og endurstíllt.

Ætlum að skoða framhaldið eftir helgina þegar endanlegar niðurstöður rannsókna liggja fyrir.

Þá þarf að endurtaka sýnatökuna.

Virðingarfyllst, 22.06.2018

Helgi Helgason



EFTIRLITSSKÝRSLA

Hvalur hf. Litla Sandi

Dags eftirlits	11.6.2018	Tegund eftirlits	Eftirlit
Fyrirtæki	Hvalur hf.	ÍSAT nr.	15.13.0.3
Heimili	Pósthólf 233	Flokkur	Kjötvinnsla, stór
Kennitala	6501696549		
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnlaugur Fjólar	Heilbrigðisfulltrúi	Helgi Helgason

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í gær 11. júní fór fram eftirlit af hálfu Heilbrigðiseftirlits Vesturlands á vinnslusvæði Hvals hf. á Litla Sandi í Hvalfjarðarsveit.

Eftirlitið náði aðeins til starfseminnar á Litla Sandi, mengunarvarnabátta þar og neysluvatnsmála.

Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum er búið að skipta út perum í geislatæki og skipta um síur sem eru 50 micrometrar en fyrirhugað að fá finni síubúnað.

Starfsemin í vinnslu fer ekki af stað fyrr en 17. júní n.k. og því lítið hægt að skoða hvernig mengunarvarnabúnaður virkar s.s. fitugildra fyrir bræðslusalinn.

Vatn verður tekið úr vinnslusal þegar nær líður að starfsemin hefjist.

Röng eftirlitsskýrsla fór áðan út vegna starfsemi vinnslustöðvarinnar á Litla Sandi.

Hér er sú rétta.

Virðingarfyllst, 12.06.2018

Helgi Helgason



EFTIRLITSSKÝRSLA

Hvalur hf. Vinnsla hvalaafurða

Dags eftirlits	9.6.2022	Tegund eftirlits	Eftirlit
Fyrirtæki	Hvalur hf.		
Heimili	Pósthólf 233		
Kennitala	6501696549		
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnlaugur Fjólar Gunnlaugsson	Heilbrigðisfulltrúi	Þorsteinn Narfason Ása Hólmarsdóttir

UMFANG EFTIRLITS

Komið vegna reglubundins eftirlits, vatnsveita þ.m.t vatnstökusvæði og miðlunartankur ásamt geislunarrými var skoðað. Jafnframt var olíutankur og fráveita skoðuð í fylgd með Gunnlaugi Fjólar Gunnlaugsyni. Myndir voru teknar í eftirliti og fylgja þær með skýrslunni þar sem við á.

Neysluvatnssýni var tekið af neysluvatni úr krana í kjöthúsi.

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fráveita

Ekki liggur fyrir hvaða álag er af fráveitu frá fyrirtækinu og þarf við endurnýjun starfsleyfis að skila inn skýrslu sem byggð er á mælingum. Afla þarf í því sambandi upplýsingum um hvert álagið er (fjöldi persónueininga), COD og BOD gildi og annað sem skiptir máli við að áætla hvort hreinsun fráveituvants er fullnægjandi. Þessi rannsókn þarf að fara fram í sumar meðan vinnsla er í hámarki. Að öðrum kosti verður við endurnýjun leyfis gerð krafa um tveggja þrepa hreinsun fráveitu sem jafngildir rotþró og siturlögn.

Vatnsveita

Vatnstökusvæðið er ógirt og óvarið fyrir ágangi búfjár og manna. Unnt væri að ganga mun betur frá vatnstökusvæðinu og t.d. taka vatnið ofar í landinu einnig væri unnt að taka það við hliðina ánni eftir að það hefur farið í gegnum sandsíu en best væri að leita eftir sérfræðiaðstoð ef vilji er til að fara í endurbætur á vatnsveitunni. Hreinna vatn frá vatnstökusvæði minnar álag á geislatæki og síur.

Þá þarf að hafa samband við Hvalfjarðarsveit og fá verndarsvæði vatnsveitunnar skráð á skipulagsuppdrætti.

Niðurstaða rannsóknar á neysluvatni liggja nú fyrir og stóðst sýnið þær kröfur sem gerðar eru til neysluvatns í reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.

Olíumannvirki

Tvöfalldur ofanjarðarolíutankur er staðsettur á athafnasvæði fyrirtækisins. Afylling á tankinn er þó ekki eins og kröfur eru um í reglugerð nr. 884/2017 um olíumengun frá starfsemi í landi þar sem krafa er um steypt áfylliplan sem tengt er olíugildru. Við endurnýjun starfsleyfis þurfa úrbætur á þessu að vera komin í lag.

Frávik frá	Lýsing á fráviki	Frestur til
Reglugerð um 798/1999 fráveitur og skólp.	Ekki liggur fyrir hvaða álag er af fráveitu frá fyrirtækinu og þarf við endurnýjun starfsleyfis að skila inn skýrslu sem byggð er á mælingum hvert álagið er (fjöldi persónueininga), COD og BOD gildi og annað sem skiptir máli við að áætla hvort hreinsun fráveituvants er fullnægjandi. Þessi rannsókn þarf að fara fram í sumar meðan vinnsla er í hámarki.	30.09. 22
		01.03. 23
		FRÁVIK LOKIÐ
Reglugerð nr. 536/2001 um Neysluvatn	Verndarsvæði vatnsveitu er ekki merkt í skipulag. Brunnsvæðið lónið er óafgirt og getur mengun auðveldlega borist í vatnsveituna. Skoða þarf möguleika á að breyta vatnstöku þannig að yfirborðsvatn sé ekki nýtt beint eins og nú er.	09.06. 23
Reglugerð nr. 884/2017 um olíumengun frá starfsemi í landi	Koma þarf fyrir steyptu áfylliplani þar sem dælt er á olíutank, Niðurfall áfylliplans þarf að vera tengt er við olíugildru	09.06. 23

**ÁBENDINGAR**

Vatnstaka fer fram í opnu lóni sem staðsett er í fjalli ofan við starfsemina og því mikil áhætta á mengun saurgerla og óhreinda. Vatnið er síðan leitt í miðlunartank, ákveðin hættu er á að mengun sem getur borist í miðlunartankinn vaxi í honum ef aðstæður leyfa. Áður en vatnið er nýtt er það síað og geislað sem aftur minnkar áhættuna.

Bent er á að niðurstaða vatnssýnatöku sýni augnabliksástand og má segja að sýnið sé tekið við bestu aðstæður nú þegar búið er að vera þurr í verðri í nokkurn tíma. Æskilegt væri að fyrirtækið tæki sjálft sýni þegar aðstæður eru verri s.s. í mikilli rigningartíð. Með því væri unnt að kanna getu geislunarbúnaðar betur.

ANDMÆLARÉTTUR

Ef ekki eru tök á að framkvæma lagfæringar innan þess tíma sem tiltekinn er hér að framan, ber að senda Heilbrigðiseftirliti Vesturlands ósk um frestun með tímasettri framkvæmdaáætlun.

Tilkynningu um að úrbætur hafi verið framkvæmdar skal koma til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands ekki síðar en 10 dögum eftir að úrbótum er lokið. Senda má tölvupóst á netfangið eftirlit@hev.is.

Ef einhverjar athugasemdir eru við úttektarskýrslu þessa óskast þær sendar skriflega til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands innan tveggja vikna frá dagsetningu þessa bréfs. Ef fylgja þarf málinu eftir með viðbótareftirlitsferð verður rukkað sérstaklega fyrir það skv. gildandi gjaldskrá heilbrigðiseftirlitsins.

Vakin er athygli á því að samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að vísa þessu máli til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík, ef ekki er unað ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Vesturlands. Nánari upplýsingar um nefndina er að finna á slóðinni: www.uua.is. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Það á þó ekki við ef mælt er fyrir um annan kærufrest í þeim lögum sem kæránleg ákvörðun byggist á.

13.06.2022

Virðingarfyllst,

Þorsteinn Narfason
Heilbrigðisfulltrúi



Ófyllirör fyrir olíutank

Koma þarf fyrir áfylliplani sem tengt er við olíugildru.

Dags	09.06.2022
Tími	14:48:27
Nr. starfsleyfis	14060
Nr. eftirlits	39558



Neyslutankur 50 þúsund lítrar

Dags	09.06.2022
Tími	14:46:52
Nr. starfsleyfis	14060
Nr. eftirlits	39558



Inntakslón vatnsveitu 1

Mikil áhætta fylgir neyslu á ofanvatni. Vatnsbólíð er ekki merkt í skipulag og engar varnir eru til að sporna við að mengun berist í vatnið. Betur þarf að ganga frá vatnsveitunni.

Dags	09.06.2022
Tími	13:41:42
Nr. starfsleyfis	14060
Nr. eftirlits	39558



Inntakslón vatnsveitu 2

Neysluvatn er tekið bein úr lóninu

Dags	09.06.2022
Tími	13:40:58
Nr. starfsleyfis	14060
Nr. eftirlits	39558



Geisla- og síubúnaður vatnsveitu

Skrá þarf upplýsingar um viðhald á búnaðinum sem aðgengilegur er eftirlitsaðilla.

Dags	10.06.2022
Tími	10:02:24
Nr. starfsleyfis	14060
Nr. eftirlits	39558